*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 136/391*
*komudagur 5.12.2008*

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá menntamálanefnd

Menntamálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til menntamálanefndar, dags. 20. nóvember 2008.

Á fund nefndarinnar komu Auður Björg Árnadóttir, Gísli Þór Magnússon og Jenný Bára Jensdóttir frá menntamálaráðuneytinu.

Heildargjöld menntamálaráðuneytisins árið 2009 eru áætluð um 67.464 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.655 m.kr. en þær nema 8,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 61.809 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 57.428 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 4.382 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 39.588 m.kr. og hækka um 5.487 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

Nefndin gerir sér grein fyrir því að það frumvarp til fjárlaga 2009 sem nú liggur fyrir mun taka breytingum í ljósi þess að þjóðarbúskapur Íslendinga stendur frammi fyrir mjög alvarlegri fjármálakreppu.

Nefndin telur nauðsynlegt að fyrirkomulag við úthlutun fjárveitinga af safnliðum verði tekið til gagngerrar endurskoðunar. Þá telur nefndin að úthlutun fjárveitinga til einstakra verkefna á sviði lista og menningar, sem og á sviði íþrótta- og æskulýðsmála, eigi að vera í höndum sjóða sem komið hefur verið á í þeim tilgangi. Með þeim hætti verði úthlutun fjármuna byggð á faglegri forsendum en með núverandi fyrirkomulagi. Þá vekur nefndin athygli á menningarsamningum sem gerðir hafa verið við sveitarfélög en margar umsóknir sem nefndinni hafa borist ættu að mati nefndarinnar að falla undir slíka samninga. Þá hefur nefndin aflað sér gagna frá menntamálaráðuneytinu um framlög sem ráðuneytið úthlutar í formi styrkja og samninga. Nefndin beinir þeim tilmælum til fjárlaganefndar að fara yfir þessi fjárframlög menntamálaráðuneytisins. Með því móti er komið í veg fyrir að menntamálanefnd leggi til úthlutun fjár til þeirra sem einnig fá úthlutað í gegnum menntamálaráðuneytið.

Nefndin leggur áherslu á að hækka þurfi fjárveitingu til Heimilis og skóla svo að samtökin geti eflt ráðgjöf og kynningu á foreldrastarfi og uppeldis- og menntunarskilyrðum. Með tilkomu nýju framhaldsskólalaganna hefur umfang ráðgjafar til skólastjórnenda og kennara stóraukist.

Nefndinni hafa borist 168 umsóknir um fjárveitingar og komu 37 umsækjendur á fund nefndarinnar. Nefndin leggur til að 91 umsækjendur fái styrk. Hvað varðar safnlið 02-989-1.90, ýmis íþróttamál, þá telur nefndin að umsókn GolfIceland, sem varðar markaðsetningu á íslenskum golfvöllum, falli bæði undir íþrótta- og ferðamál og heyri því einnig undir iðnaðarráðuneytið.

Nefndin áréttar það sjónarmið sitt varðandi umsókn Þórbergssetursins að gera þurfi samstarfssamning við setrið líkt og menntamálaráðherra hefur gert við Gunnarsstofnun. Að

sama skapi telur meiri hlutinn í tengslum við umsókn Leikminjasafns Íslands að mikilvægt sé að gerður verði samningur við stjórn safnsins um framtíðaruppbyggingu þess.

Nefndin leggur til að Sagnamiðstöð Íslands, 5. m.kr. og Melrekkasetur Íslands, 3. m.kr. fái úthlutað samkvæmt lið 02-919-6.90, Söfn, ýmis stofnkostnaður eins og í fyrra, en ekki samkvæmt lið 02-919-1.90, Söfn, ýmis framlög. Kjarvalsstofa fái úthlutað 3. m.kr. samkvæmt sama lið og í fyrra, 02-999-6.90, Ýmis stofnkostnaður, en ekki samkvæmt lið 02-999-1.90, Ýmis framlög. Þá leggur nefndin til að Mats Wibe Lund, heimildasafn, 3. m.kr. fái úthlutað samkvæmt lið 02-999-1.90, Ýmis framlög. Draumasmiðjan fái úthlutað 3. m.kr. samkvæmt lið 02-982-1.22, Listir, starfsemi áhugaleikhúsa og Gríman fái úthlutað 3. m.kr. samkvæmt lið 02-999-1.90, Ýmis framlög. Að lokum leggur nefndin til að Handverk og hönnun ses., fái úthlutað 17,5 m.kr. samkvæmt lið 02-999-1.90, Ýmis framlög en ekki samkvæmt lið 02-982-1.90, Listir. Tillögur nefndarinnar um skiptingu safnliða koma fram í sérstöku fylgiskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir og Katrín Jakobsdóttir gera svohljóðandi fyrirvara við afgreiðslu málsins:

„Vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur vinna við fjárlagafrumvarpið í nefndum þingsins verið ómarkviss og í lágmarki. Vegna þess hversu óvissan í fjárreiðumálum þjóðarinnar er mikil teljum við illgerlegt að taka ábyrga afstöðu til einstakra málasviða frumvarpsins, enda forsendur þess brostnar. Upplýsingar sem nefndunum hafa borist eru af skornum skammti og því skortir sárlega heildaryfirsýn. Ekki liggur fyrir ný þjóðhagsspá sem tekur mið af þeim aðstæðum sem nú ríkja. Stjórnvöld hafa ekki látið meta efnahagshorfur í ljósi breyttra aðstæðna og því byggst núverandi fjárlagavinna hvorki á traustum né ábyrgum grunni. Tillögur um niðurskurð liggja ekki fyrir en ljóst er að í skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir lánveitingu eru fólgnar kröfur um að skorið verði niður á fjölmörgum sviðum samfélagsins, enda á ríkissjóður að vera rekinn án halla árið 2012. Slíkt mun koma illa niður á opinberri fjármögnun í velferðarkerfi þjóðarinnar, þ.m.t. í menntakerfi okkar og menningarstofunum.

Með vísan til framangreinds rökstuðnings og hversu lítið er vitað um hvernig meðferð fjárlagafrumvarpsins á Alþingi verður háttað gerum við ákveðinn fyrirvara við afgreiðslu þessa álits.“

Illugi Gunnarsson skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Kolbrún Halldórsdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

Guðbjartur Hannesson, Höskuldur Þórhallsson, Katrín Jakobsdóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 2008.

Sigurður Kári Kristjánsson, form.,
Einar Már Sigurðarson,
Illugi Gunnarsson, með fyrirvara,
Katrín Júlíusdóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.

**Auður B. Árnadóttir/MMRN/NotesSTJR**

05.12.2008 12:01

To ragnheidurb@althingi.is

cc

bcc

Subject re. símafyrirspurn.

Sæl Ragnheiður

Á undanförnum árum hefur ráðuneytið beint framlögum í sjóði sem starfa eftir ákveðnum reglum til að tryggja betur gagnsæi og fagleg vinnubrögð við styrkveitingar til menningar, æskulýðs- og íþróttamála. Þó er ráðuneytið enn með tvo fjárlagaliði sem veittir eru styrkir af. Í fjárlögum 2008 frá bls. 172 til bls. 180 eru sundurliðaður listi yfir veitt fjárframlög til ýmissa aðila eftir fjárlagaliðum. Ráðuneytið hefur haft til ráðstöfunar fjárlagaliði 02-919 1.98 og 02-999 1.98 en fjárlaganefnd hefur haft aðra fjárlagaliði til ráðstöfunar. Í frumvarpi til fjárlaga 2009 er tafla á bls. 262 þar sem sjá má samninga sem greiddir eru af fjárlagalið 02-919 1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis og á bls. 267 er tafla þar sem sundurliðuð eru framlög sem greidd eru af fjárlagalið 02-999 1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis.

Eins og sjá má á fyrrnefndum töflum þá er ákveðinni fjárhæð ætlað til að veita styrki til menningar, æskulýðs og íþróttamála á grundvelli umsókna. Slíkir styrkir eru allir skráðir í sérstakt innanhússkerfi og yfirlit sem sýnir veitta styrki í ár verður sent til þín. Ráðuneytið hefur gætt þess að veita ekki styrki til þeirra sem þegar hafa fengið fjárframlög í fjárlögum. Þeim tilmælum hefur ráðuneytið einnig komið til stjórna sjóða og úthlutunarnefnda.

Tafla yfir stærri samninga ráðuneytisins er að finna á bls. 242 í frumvarpi fjárlaga 2009.

Þá hefur eitthvað verið um það að sjóðir s.s. Tónlistasjóður og starfsemi atvinnuleikhópa geri samninga við aðila sem hafa verið með fasta starfsemi lengi.

Ég vona að ofangreint svari spurningu þinni og ef óskað er eftir frekari upplýsingum vinsamlegast hafið samband.

kveðja,
Auður

---

Auður B. Árnadóttir deildarsérfræðingur / Adviser / Konsulent
Fjármálasvið / Office of Financial Affairs / Økonomisk sektion
Menntamálaráðuneyti / Ministry of Education, Science and Culture / Ministeriet for Undervisning, Forskning og Kultur
Sölvhólsgötu 4. IS-150 Reykjavík
Sími/Tel. (+354) 545 9500, fax (+354) 562 3068
menntamalaraduneyti.is

| | Fjárlög/áætlun | Loforð | Óráðst. | Greitt | Ógreitt | Greinarg. mótt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **999 198 Ýmis framlög mmrn - 162.125.592** | 162.125.592 | 145.662.820 | 16.462.772 | 96.118.746 | 10.838.000 | |
| **19802 Átaksverkefni v. lesblindu í skólum landsins - 21.724.547** | 21.724.547 | 15.613.608 | 6.110.939 | 8.978.608 | 1.299.000 | |
| **19803 Átaksverkefni í íslensku - 5.000.000** | 5.000.000 | 0 | 5.000.000 | 0 | 0 | |
| **19806 Upplýsingatækniverkefni - 0** | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| **19807 Gaulverjaskóli - 8.700.000** | 8.700.000 | 8.700.000 | 0 | 8.700.000 | 0 | |
| **19811 Rithöfundasamband Íslands, höfundamiðstöð - 750.000** | 750.000 | 750.000 | 0 | 750.000 | 0 | |
| **19812 Rithöfundasamband Íslands, rekstur - 750.000** | 750.000 | 750.000 | 0 | 750.000 | 0 | |
| **19816 Bókmenntahátíð í Reykjavík - 1.500.000** | 1.500.000 | 1.500.000 | 0 | 1.500.000 | 0 | |
| **19820 Leiklist, almennt - 1.500.000** | 1.500.000 | 1.100.000 | 400.000 | 350.000 | 750.000 | |
| Hitt Húsið | 0 | 100.000 | | 100.000 | 0 | 24.11.2008 |
| Hrund Gunnsteinsdóttir / Margrét Vilhjálmsdóttir- MMR0811( | 0 | 750.000 | | 0 | 750.000 | |
| Pálína Jónsdóttir | 0 | 250.000 | | 250.000 | 0 | |
| **19821 Leiklistarsamband Íslands - 3.000.000** | 3.000.000 | 3.000.000 | 0 | 3.000.000 | 0 | |
| **19822 Leiklist, erl. samskipti - 1.500.000** | 1.500.000 | 915.000 | 585.000 | 815.000 | 100.000 | |
| Hávar Sigurjónsson | 0 | 65.000 | | 65.000 | 0 | |
| Jóhann Freyr Björgvinsson | 0 | 100.000 | | 100.000 | 0 | 09.05.2008 |
| Leikfélagið Hugleikur og Leikfélag Kópavogs- MMR0805032 | 0 | 200.000 | | 200.000 | 0 | |
| Sokkabandið v. leiklistarhátíðar í Tampere - MMR08040077 | 0 | 200.000 | | 200.000 | 0 | |
| Stefanía Thors - MMR08070210 | 0 | 100.000 | | 0 | 100.000 | |
| UNIMA á Íslandi - MMR08020083 | 0 | 150.000 | | 150.000 | 0 | |
| Þórdís Elva Þorvaldsdóttir-MMR08060026 | 0 | 100.000 | | 100.000 | 0 | |
| **19823 Þórbergssetur, uppbygging - 7.500.000** | 7.500.000 | 7.500.000 | 0 | 7.500.000 | 0 | |
| **19824 Undirb. ráðherrafundar Evrópuráðsins um fjölmiðla 2009 - :** | 5.000.000 | 0 | 5.000.000 | 0 | 0 | |
| **19825 Dagur íslenskrar tungu - 2.000.000** | 2.000.000 | 0 | 2.000.000 | 0 | 0 | |
| **19850 Kvikmyndir almennt - 7.000.000** | 7.000.000 | 6.750.000 | 250.000 | 2.500.000 | 250.000 | |
| Alþjóðleg kvikmyndahátíð | 0 | 4.000.000 | | 0 | 0 | |
| Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík | 0 | 1.500.000 | | 1.500.000 | 0 | |
| Dögg Mósesdóttir-MMR08100304 | 0 | 250.000 | | 0 | 250.000 | |
| Kvikmyndafélag Íslands hf. - MMR 08010327 | 0 | 700.000 | | 700.000 | 0 | 11.11.2008 |
| Reykjavík Shorts&Docs- MMR08060424 | 0 | 300.000 | | 300.000 | 0 | |
| **19860 Æskulýðsmál - 12.000.000** | 12.000.000 | 14.900.000 | -2.900.000 | 929.926 | 900.000 | |
| Álitsgerð um ábyrgð og skyldur í æskulýðsstarfi | 0 | 900.000 | | 0 | 0 | |
| Compass - kynning og námskeið | 0 | 900.000 | | 0 | 0 | |
| Evrópa unga fólksins-MMR08090075 | 0 | 200.000 | | 200.000 | 0 | |
| Forvarnir m. þáttt. í félags- og tómstundastarfi | 0 | 3.500.000 | | 0 | 0 | |
| Leikhópur Háteigsskóla v. leikferðar til Kassel - MMR080801 | 0 | 100.000 | | 100.000 | 0 | |
| Norrænn fundur | 0 | 700.000 | | 0 | 0 | |

| | Fjárlög/áætlun | Loforð | Óráðst. | Greitt | Ógreitt | Greinarg. mótt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ráðstefnur - Þátttaka í lífsstíl | 0 | 800.000 | | 0 | 0 | |
| Samfés - MMR08100179 | 0 | 500.000 | | 0 | 500.000 | |
| Samfés, samtök félagsmiðstöðva-MMR08090272 | 0 | 100.000 | | 100.000 | 0 | |
| Samstarf á svæðum | 0 | 1.500.000 | | 0 | 0 | |
| Stuðningur við minni æskulýðsfélög og -samtök | 0 | 3.000.000 | | 0 | 0 | |
| Verndum þau - endurútg., kynning, námskeið | 0 | 1.100.000 | | 174.060 | 0 | |
| Ýmis verkefni og styrkir | 0 | 1.200.000 | | 355.866 | 0 | |
| Æskulýðsvettvangurinn v. Æskan á óvissutímum II. | 0 | 400.000 | | 0 | 400.000 | |
| **19870 Íþróttamál - 17.000.000** | **17.000.000** | 13.910.000 | 3.090.000 | 6.910.000 | 0 | |
| Blaksamband Íslands- MMR08090062 | 0 | 100.000 | | 100.000 | 0 | |
| Bridgesamband Íslands- MMR08080022 | 0 | 800.000 | | 800.000 | 0 | |
| Frjálsíþróttasamband Íslands v. útg. Frjálsíþr.blaðs - MMR08 | 0 | 50.000 | | 50.000 | 0 | |
| Hópferðamiðstöðin, norr. embættismenn | 0 | 60.000 | | 60.000 | 0 | |
| Íslenska fitness félagið-MMR08090118 | 0 | 100.000 | | 100.000 | 0 | |
| Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands- MMR08030196 | 0 | 600.000 | | 600.000 | 0 | |
| Íþróttaakademían ses | 0 | 12.000.000 | | 5.000.000 | 0 | |
| Margrét Leifsdóttir | 0 | 200.000 | | 200.000 | 0 | |
| **19880 Ýmsir styrkir - 18.273.563** | **18.273.563** | 15.940.755 | 2.332.808 | 6.490.755 | 400.000 | |
| Dance WEb Europe- MMR08060017 | 0 | 221.505 | | 221.505 | 0 | 07.10.2008 |
| Feneyjartvíæringur 2008 - Arkitektar | 0 | 5.000.000 | | 0 | 0 | |
| Hallfríður Ólafsdóttir - MMR08010340 | 0 | 200.000 | | 200.000 | 0 | |
| Hönnunarmiðstöð - sjá texta | 0 | 0 | | 0 | 0 | |
| Íslandsdeild Epta- MMR08090152 | 0 | 400.000 | | 0 | 400.000 | |
| Íslensk tónverkamiðstöð- MMR08060253 | 0 | 200.000 | | 200.000 | 0 | |
| Kling og bang Gallerí ehf., Úlfur Gröndvold | 0 | 300.000 | | 300.000 | 0 | |
| Kópavogsbær - MMR08040135 - v. Jacchigua dansflokksins | 0 | 1.000.000 | | 1.000.000 | 0 | |
| Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar- MMR08040083 | 0 | 300.000 | | 300.000 | 0 | |
| Kynningarmiðstöð ísl. myndlistar, Feneyjatvíæringurinn 2007 | 0 | 500.000 | | 500.000 | 0 | 23.07.2008 |
| Kynn.ísl.myndl., Sequences hátíðin 2008 | 0 | 800.000 | | 800.000 | 0 | |
| Kynn.ísl.mynl., Feneyjartvíæringur 2009 | 0 | 7.000.000 | | 7.000.000 | 0 | |
| Kynn.miðst. ísl. myndl. v/endurgr. | 0 | -6.580.750 | | (6.580.750) | 0 | |
| List án landamæra - MMR08020338 | 0 | 300.000 | | 300.000 | 0 | |
| Magnús Ragnarsson,úttekt á úthl. til atv.leikhópa | 0 | 500.000 | | 250.000 | 0 | |
| Nýhil ses | 0 | 200.000 | | 200.000 | 0 | |
| Sendiráð Íslands í Stokkhólmi - Þáttt. Íslands í bókamessunr | 0 | 300.000 | | 300.000 | 0 | |
| Sjónlistarverðlaunin - samningur til 2008 | 0 | 2.300.000 | | 0 | 0 | |
| Stefán Sturla Sigurjónsson - Íslensk menningarhátíð í Vasa 2 | 0 | 1.500.000 | | 0 | 0 | |

- Wurth á Íslandi v. myndlistarsýn. í Listasafni Íslands - MMR0

**19882 Hönnun - 2.000.000**

- Ferðakostn. Stefán Snæbjörnsson
- Hönnunarmiðstöð Íslands ehf-MMR08080159
- JAM- hópurinn v. Norrænt bókband 2009 - MMR08040170
- Snæbjörn Þór Stefánsson

**19886 Menningarhátíðir erlendis - 6.000.000**

- Aðalræðisskrifstofa Ísland í Kanada - tónlistarhátíðin „Núna"
- Aðalræðisskrifstofa Íslands í Færeyjum - MMR07120196
- Aðalræðisskrifstofa Íslands í New York - íslensk samtímamyı
- Hanna Steinunn Þorleifsdóttir v. málþings í tengslum við Les
- Nína Margrét Grímsdóttir-MMR08080116- Calgary
- Nína Margrét Grímsdóttir-MMR08080116 Edinborg
- Sendiráðið í Berlín - sýning kvikmyndasaga Ísl. - MMR07120
- Sendiráðið í Berlín v. Nordisher Klang hátíðar - MMR071201
- Sendiráðið í Helsinki - MMR07120196
- Sendiráðið í Kaupmannahöfn - Sýning á verkum Heiga Þorgi
- Sendiráðið í Kína v. ýmissa viðburða 2008 - MMR07120196
- Sendiráðið í London, MMR07070287
- Sendiráðið í Moskvu v. menningaráætlunar 2008 - MMR071:
- Sendiráðið í Moskvu, MMR07110018
- Sendiráðið í New Delhi - íslensk menningarhátíð í Delhí og M
- Sendiráðið í Ottawa - v. þáttt. Óperukórs Hfj. í 400 ára afm.-
- Sendiráðið í Ottawa, MMR07030246
- Sendiráðið í París v. Les Boréales - MMR07110121
- Sendiráðið í París v. menningarátælunar 2008 - MMR07120'
- Sendiráðið í Róm - ýmsir viðburðir - MMR07120196
- Sendiráðið í S-Afríku v. ljósmyndasýningar Páls Stefánssona
- Sendiráðið í Washington - samnorræn djasshátíð - MMR071
- Sendirráðið í Stokkhólmi v. ísl. kvikmyndahátíðar - MMR071:
- Þorvaldur Kr. Þorvaldsson

**19888 Menningarhátíð í Brussel - 7.311.898**

**19890 Alþjóðasamningar um menningarmál - 16.500.000**

- Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík
- Council of Europe v/2007
- Council of Eurpe v/2008
- Ungm.fél. Ísl. v/Landsskrif.f. ungm.átæl. ESB

| ög/áætlun | Loforð | Óráðst. | Greitt | Ógreitt | Greinarg. mótt. |
|---|---|---|---|---|---|
| 0 | 1.500.000 | | 1.500.000 | 0 | |
| 2.000.000 | 819.655 | 1.180.345 | 819.655 | 0 | |
| 0 | 329.655 | | 329.655 | 0 | |
| 0 | 200.000 | | 200.000 | 0 | |
| 0 | 250.000 | | 250.000 | 0 | |
| 0 | 40.000 | | 40.000 | 0 | |
| 6.000.000 | 7.931.834 | -1.931.834 | 622.834 | 7.059.000 | |
| 0 | 250.000 | | 250.000 | 0 | |
| 0 | 300.000 | | 0 | 300.000 | |
| 0 | 500.000 | | 0 | 500.000 | 05.08.2008 |
| 0 | 150.800 | | 150.800 | 0 | |
| 0 | 150.000 | | 0 | 150.000 | |
| 0 | 150.000 | | 0 | 150.000 | |
| 0 | 750.000 | | 0 | 750.000 | |
| 0 | 100.000 | | 0 | 100.000 | |
| 0 | 300.000 | | 0 | 300.000 | |
| 0 | 250.000 | | 0 | 0 | |
| 0 | 550.000 | | 0 | 550.000 | |
| 0 | 500.000 | | 0 | 500.000 | |
| 0 | 300.000 | | 0 | 300.000 | |
| 0 | 100.000 | | 0 | 100.000 | |
| 0 | 300.000 | | 0 | 300.000 | |
| 0 | 150.000 | | 0 | 150.000 | |
| 0 | 109.000 | | 0 | 109.000 | |
| 0 | 2.000.000 | | 0 | 2.000.000 | |
| 0 | 250.000 | | 0 | 250.000 | |
| 0 | 400.000 | | 0 | 400.000 | |
| 0 | 122.034 | | 122.034 | 0 | |
| 0 | 0 | | 0 | 0 | |
| 0 | 150.000 | | 0 | 150.000 | |
| 0 | 100.000 | | 100.000 | 0 | |
| 7.311.898 | 7.477.657 | -165.759 | 7.397.657 | 80.000 | |
| 16.500.000 | 24.702.693 | -8.202.693 | 24.702.693 | 0 | |
| 0 | 7.000.000 | | 7.000.000 | 0 | |
| 0 | 265.135 | | 265.135 | 0 | |
| 0 | 643.377 | | 643.377 | 0 | |
| 0 | 8.300.000 | | 8.300.000 | 0 | |

| | Fjárlög/áætlun | Loforð | Óráðst. | Greitt | Ógreitt | Greinarg. mótt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Upplýsingaþjónusta menningaráætlunar ESB | 0 | 6.200.000 | | 6.200.000 | 0 | |
| Uppl.þj. menningaráætl. ESB v/framlags 2006 | 0 | 545.580 | | 545.580 | 0 | |
| WIPO | 0 | 1.293.392 | | 1.293.392 | 0 | |
| World Anti-Doping Agency WADA | 0 | 455.209 | | 455.209 | 0 | |

| | Fjárlög/áætlun | Loforð | Óráðst. | Greitt | Ógreitt | Greinarg. mótt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **919 Söfn, ýmis framlög - 365.450.484** | **365.450.484** | 289.114.742 | 76.335.742 | 279.805.225 | 9.309.517 | |
| **198 Söfn, ýmis framlög mmm. - 111.850.484** | **111.850.484** | 60.014.742 | 51.835.742 | 59.384.225 | 630.517 | |
| Stofnun Gunnars Gunnarssonar-MMR08020600 | 0 | 1.500.000 | | 1.500.000 | 0 | |
| Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns - mmr08070204 | 0 | 350.000 | | 350.000 | 0 | |
| **19800 Söfn, ýmis framlög mmm.** | **11.104.322** | 6.449.588 | 4.654.734 | 5.823.408 | 626.180 | |
| Einar Á. Sæmundsen. V. Ferð á heimsminjasvæði á Nýja Sjálandi. mmr07 | 0 | 50.000 | | 0 | 50.000 | |
| Fornleifavernd ríkisins - Þátt. í HEREIN 2008 - MMR08110238 | 0 | 75.000 | | 0 | 75.000 | |
| Heimilisiðnaðarfélagið | 0 | 3.000.000 | | 3.000.000 | 0 | |
| Íslandsdeild ICOM | 0 | 400.000 | | 400.000 | 0 | |
| Kvikmyndasafn Íslands v. kvikmyndatónleika „Fjalla-Eyvindur" - MMR071 | 0 | 500.000 | | 500.000 | 0 | |
| Listasafn Íslands - MMR08020090 | 0 | 800.000 | | 800.000 | 0 | |
| Upplýsing | 0 | 600.000 | | 600.000 | 0 | |
| Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða - v. landsfundar Upplýs | 0 | 100.000 | | 100.000 | 0 | |
| Þjóðbúningaráð | 0 | 924.588 | | 423.408 | 501.180 | |